

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, frístundabyggð í landi Kjaransstaða, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 15. maí 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að 77 ha svæði úr landi Kjaransstaða breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 15. maí 2006.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*